

Sp.

383. Nefndarálit

[32. mál]

um till. til þál. um rétt Íslands til landgrunnsins.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn mælir með því, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nm. mæla með samþykkt hennar, þar sem þeir telja nauðsynlegt, að reynt verði að halda þessu máli ofar flokkadeilum, en frumskilyrði þess er, að öllum þingflokkum verði gefinn kostur á að vinna að framgangi þess. Hér er ekki um mál að ræða, sem fara á með sér mál ríkisstjórnarinnar, heldur sameiginlegt mál alls þingsins.

Í umræðum um tillöguna hefur komið fram, að nauðsynlegt væri, að nefndin athugaði einnig möguleika til að gera sem fyrst sérstakar friðunarráðstafanir utan núverandi marka fiskveiðilandhelginnar. Við teljum eðlilegt, að verksvið nefndarinnar nái einnig til slíkrar athugunar.

Samkvæmt framansögðu mælum við með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 21. marz 1967.

Þórarinn Þórarinsson,
frsm.

Hermann Jónasson.

Gils Guðmundsson.